



Hafnarfjarðarkaupstaður
Gunnþóra Guðmundsdóttir
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3.1.2020
Málsnr:	1902456
Bréfál:	511

Reykjavík, 20. desember 2019
Tilvísun: 201904014 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Ásvalla, íbúðarbyggð

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur, með erindi dags. 21. nóvember 2019, sent Skipulagsstofnun tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar með ósk um afgreiðslu með vísun í 32. gr. skipulagsлага. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn 18. september 2019. Aðalskipulagsbreytingin felst í því að 0,7 ha íþróttasvæðisins Íþ3 breytist í íbúðarsvæði og sameinast íbúðarsvæði ÍB8.

Skipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði dags. 6. september 2019 með upprætti í mkv. 1:15.000 og greinargerð.

Með erindinu barst umsögn frá Umhverfisstofnun dags. 18. júlí 2019.

Skipulagsstofnun hefur ekki áður fengið tækifæri til að fara yfir skipulagstillöguna þar sem aðalskipulagstillagan var ekki send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu líkt og skylt er samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagsлага. Áður en Skipulagsstofnun getur afgreitt skipulagstillöguna til staðfestingar þarf að bregðast við eftirfarandi athugasemdu.

Í lýsingu fyrir skipulagsverkefnið, sem Skipulagsstofnun afgreiddi um 10. apríl 2019, var gerð ágætlega grein fyrir viðfangsefni breytingartillögunnar. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við að í greinargerð og umhverfismati skipulagstillögunnar eru ekki tekin upp þau viðfangsefni sem boðað var í lýsingu að yrði gert.

Í lýsingunni kom fram að við mótu tillögunnar yrði stillt upp mismunandi valkostum um gerð og magn húsnæðis og áhrif þeirra á umhverfið könnuð. Ákvörðun um byggingarmagn og fjölda íbúða yrði tekin í aðalskipulagsferlinu og m.a. skoðað hvort breytingin hefði áhrif á legu skilgreindra stíga í aðalskipulaginu. Jafnframt yrðu metin áhrif mögulegrar fjölgunar íbúða og aukins byggingarmagns á svæðinu á m.a. grunnskóla, leikskóla og umferð. Auk þess að það yrði metið hvernig uppbyggingin samræmist markmiðum aðal-, svæðisskipulags og húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um lýsinguna er tekið undir þær áherslur sem lagt var upp með í lýsingunni og á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um hvort framkvæmdir á svæðinu geti á einhvern hátt haft áhrif á friðlýst svæði Ástjarnar. Í aðalskipulagsbreytingunni kemur ekkert fram um þessi atriði.

Setja þarf fram nánari skipulagsákvæði fyrir þennan hluta íbúðarsvæðisins ÍB8 hvað varðar byggingarmang, fjölda íbúða og hæðir húsa auk þess sem gera þarf grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum af framfylgd aðalskipulagsbreytingarinnar, sbr. 12. gr. og 28. gr. skipulagsлага um efni aðalskipulags. Að öðrum kosti þarf að rökstyðja af hverju það er ekki gert.

Í umsögn Skipulagsstofnunar um lýsinguna var bent á að tryggja þyrfti gott samráð við íbúa í nærliggjandi íbúðarbyggð við móton tillögunnar auk þess sem leita þyrfti umsagnar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Í skipulagsgögnum þarf að koma fram hvernig staðið hefur verið að samráði og kynningum á breytingartillöggunni.

Minnt er á að í umsögn sveitarfélagsins við athugasemdum þarf að gera grein fyrir hvernig brugðist er við athugasemdum bæði almennings og umsagnaraðila, þ.m.t. umsögn Umhverfisstofnunar.

Bent er á að á aðalskipulagskipulagsuppdrætti fyrir breytingu þarf að sýna allar áorðnar breytingar á aðalskipulaginu, en síðasta breyting á aðalskipulagi var staðfest 7. janúar 2019.

Þegar aðalskipulagsbreytingin hefur verið lagfærð m.t.t. ofangreindra athugasemda er mælst til þess að hún sé tekin fyrir að nýju í skipulagsnefnd og bæjarstjórn og samþykkt samhliða deiliskipulagstillögu sem nú er í kynningu. Bent er á að nýta upplýsingar úr athugasemdum sem fram kunna að koma á kynningartíma deiliskipulagstillögunnar við endanlega móton aðalskipulagsbreytingarinnar.



Hafdis Hafliðadóttir

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Jóhanna Hrund Einarsdóttir